



## VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 5/2016

### **Álagning dagsekta á Toppfisk ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins**

#### **I. Málavextir**

Í takmarkaðri skoðun starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins til Toppfisks ehf., kt. 491187-1749 að Fiskislóð 65, 101 Reykjavík þann 27. maí 2016, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að atvinnurekandi beri að leita sér aðstoðar þjónustuaðila, sem viðurkenndur er af Vinnueftirliti ríkisins, við endurskoðun skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði er varðar vélar og tæki. Skal hann upplýsa viðkomandi þjónustuaðila um þá þætti sem vitað er að eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna á vinnustaðnum.

Var fyrirmælið gefið á grundvelli 2. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 10. gr. reglugerðar nr. 730/2012 um viðurkenningu þjónustuaðila og sérfræðinga sem veita atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum og 1. mgr. 66. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að félagið skyldi tilkynna stofnuninni um það þegar úrbótum væri lokið. Ekkert heyrðist í fyrirtækinu eftir að frestur til úrbóta lauk.

Með bréfi, dags. 22. júní 2016 var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Toppfiskur ehf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Enginn svör hafa borist Vinnueftirlitinu.

## II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögunum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfærð.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Toppfiskur ehf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Í eftirlitsheimsókn Vinnueftirlits ríkisins í Toppfisk ehf. var skoðunin takmörkuð við vélar og tæki. Voru gefin 5 fyrirmæli varðandi vanbúnað véla og tækja hjá fyrirtækinu og mátu starfsmenn Vinnueftirlitsins það að ætla mætti að vanbúnaður véla og tækja innan fyrirtækisins væru mun meiri. Af framangreindum ástæðum þá mat stofnunin það að þar sem ekki hefði verið tekið tillit til þessa vanbúnaðar á vélum og tækjum í skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum þá skorti færni meðal starfsmanna og eiganda fyrirtækisins til að gera slíka áætlun og var því fyrirtækinu veitt fyrirmæli um að það skyldi leita sér aðstoðar viðurkennds þjónustuaðili við endurskoðun skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði er varðar vélar og tæki. Það fyrirmæli sem verið er að þvinga fram úrbætur á varðar því öryggi starfsfólks og eru úrbætur því mjög aðkallandi og brot fyrirtækisins alvarlegt.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 65 starfsmenn hjá Toppfiski ehf. en fyrirtækið rekur fiskvinnslu.

## IV. Ákvörðunarorð

**„Toppfiskur ehf., kt. 491187-1749, hefur brotið gegn 2. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 10. gr. reglugerðar nr. 730/2012 um viðurkenningu þjónustuaðila og sérfræðinga sem veita atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum og 1. mgr. 66. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.**

**Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Toppfisk ehf. Skal fyrirtækið greiða kr. 100.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 24. maí 2016.”**

Vinnueftirlit ríkisins